alþýðu-blaðið

Útgefandi Alþýðuflokkurinn
Ritstjórn Alþýðublaðsins er að Síðumúla 11, sími 81866. Auglýsingadeild blaðsins er að Hverfisgötu 10, sími 14906 — Áskriftarsími 14900.

FÖSTUDAGUR
9. SEPTEMBER 1977

Lyfjanotkun íþróttamanna:

Er hún þess virði?

Hér á landi eru til íþróttamenn, sem taka lyf sem getur haft sjúkleg áhrif á beingerð og verkað rýrnandi á eistavef, svo eitthvað sé nefnt.

Þetta kemur fram í athyglisverðri grein eftir Ásmund Brekkan, yfirlækni Röntgendeildar Borgarspítalans, sem birtist í Morgunblaðinu í gær.

Í greininni segist hann nýlega hafa haft til rannsóknar ungan mann, sem stendur framarlega í einni þeirra íþróttagreina sem útheimta mikla líkamsburði. Röntgenmyndir gáfu til kynna að verið gæti um alvarlega truflun á stýringu beinmyndunar í líkamanum að ræða. Þessi ungi íþróttamaður hefur tekið inn lyf, sem á að örva vöðvauppbyggingu líkamans, lyf sem nefnist anabol steroida, en lyfið er að sögn Ásmundar mjög sterkt og afbrigðilegt hormónalyf.

Ásmundur bendir á nokkrar staðreyndir í sambandi við hormónalyf af þessari gerð, segir m.a. að slík hormónalyf séu eingöngu ætluð til meðferðar á rýrnunar- og hrörnunarsjúkdómum og í einstökum tilfellum sem viðbótarmeðferð við krabbameinssjúkdóma.

Séu lyf þessi gefin fullfrísku fólki í stórum skömmtum, valda þau talsverðum ofvexti í vöðvum, en viðhald þessa ofvaxtar er líkamanum ákaflega erfitt og nánast ofviða, öðruvísi en gengið sé á aðra varasjóði, sem getur valdið t.d. sjúklegum áhrifum á beinagerð, eins og fyrr var getið.

Hinir nýbyggðu vöðvar hverfa fljótlega, ef einstaklingur hættir að nota lyfin og í stað vöðvafrumanna kemur fitufruma og vöðvarnir geta þannig á skömmum tíma breytzt í óhollt og sjúklegt fituhvap.

Jafnframt geta lyf þessi verkað rýrnandi á eistavef.

Íþróttamenn?

Hér að framan voru aðeins dregin út fáein atriði úr grein Ásmundar. Ljóst er þó hvað lyf sem þessi geta verið hættuleg, sé þeirra neytt í óhófi.

Stera-lyf, eins og talað var um hér að framan eru bannvörur á öllum stórum mótum erlendis en þó er það talið fullvíst, að fjöldamargir af frægustu lyftingarmönnum og þátttakendum í kastgreinum og öðrum kraftíþróttum neyti þessara lyfja ótæpilega. Samkeppnin er mikil í íþróttunum en framförum mannslíkamans eru takmörk sett. Þegar menn hætta að bæta metin, þá verður að grípa til einhverra aðgerða. Stangarstökksmenn fóru að nota nýjar og betri stangir, sundmenn setja ölduklúfa á laugarbakka sína og salt í vatnið, allt til að bæta árangurinn. Kraftíþróttamenn hafa margir hverjir gripið til lyfja notkunar til að bæta sinn árangur.

Er þetta rétt stefna? Er frábær árangur svo mikils virði, að hægt sé að leggja allt í sölurnar fyrir hann?

Íþróttafólk, sem er að leggja út á þá vafasömu braut að bæta árangur sinn með hormónalyfjum gerir sér ef til vill ekki glögga grein fyrir þeim hættum, sem þessari lyfjanotkun fylgir. Það ætti að hugsa sig tvisvar um, verðið fyrir nokkra sentimetra eða nokkur kíló gæti orðið eyðilegging bæði líkama og sálar er fram í sækir.

Þá er orðið lítið eftir af gamla, góða markmiðinu með stundun íþrótta:

„Heilbrigð sál í hraustum líkama".

—ATA

Fimm gefa kost á sér í Reykjavík


Framboðsfrestur til prjófkjörs Alþýðuflokksins við næstu borgarstjórnarkosningar á vori komanda rann út á miðnætti 7. þessa mánaðar. Fimm framboð komu fram, þar af þrjú í 1. sæti á væntanlegum lista og tvö í annað sæti.

Þeir sem gefa kost á sér eru þessir:


Björgvin Guðmundsson, skrifstofustjóri í 1. sæti, dr. Bragi Jósepsson, uppeldisfræðingur í 1. sæti, Eyjólfur Sigurðsson, prentari, í 1. sæti, Elías Kristjánsson, mælingamaður í 2. sæti og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, kennari í 2. sæti.

Prjófkjörið fer fram dagana 1. og 2. október næstkomandi, og geta allir tekið þátt í því, sem ekki eru flokksbundnir í öðrum flokkum en Alþýðuflokknum og hafa náð 18 ara aldri.












GUÐMUNDUR GEFUR KOST Á SÉR Í FYRSTA SÆTI

í prófkjöri á Vesturlandi

Alþýðublaðið hefur fregnað, að Guðmundur Vésteinsson bæjarfulltrúi á Akranesi hafi ákveðið að gefa kost á sér við prófkjör um frambjóðendur Alþýðuflokksins á Vesturlandi við næstu alþingiskosningar.



Benedikt Gröndal, formaður Alþýðuflokksins, sem verið hefur í efsta sæti á Vesturlandi og þingmaður kjördæmisins, hefur ákveðið að gefa kost á sér í fyrsta sæti á lista Alþýðuflokksins í Reykjavík við prófkjör þar.

—hm

Kjördæmisráð flokksins á Vesturlandi kemur saman til fundar 1. október næstkomandi til að fjalla um prófkjörsmálin og fleira, og verður þá væntanlega tekin frekari ákvörðum um prófkjör. Framboðsfrestur og önnur tilhögun hefur ekki verið ákveðin enn. Hins vegar er ljóst að undirbúningur allur getur tekið á annan mánuð, þannig að ljóst má vera að prófkjör fer varla fram fyrr en undir lok nóvembermánaðar.

Lengsta málverk á Íslandi

Listmálarinn L. Alcopley var við vinnu sína í kjallara Kjarvalsstaða þegar blaðamenn AB litu þar inn í gær.

„Það sem er sérstakt við þetta málverk," sagði Aðalsteinn Ingólfsson framkvæmdastjóri Listráðs, er að þetta mun vera lengsta málverk, sem málað hefur verið á Íslandi, alls 25 metrar á lengd."

Alcopley sagði, að í þessari mynd vildi hann túlka hreyfingu. Myndin er máluð á hvítan striga, og liturinn er aðeins einn — svart, ef lit má kalla. Listamaðurinn vildi þó taka fram, að myndin væri alls ekki fullbúin, og til þessa hefðu engir ruðst inn í kjallara til að líta á sköpunina utan blaðamenn AB.

—BJ

